

Námskrá 1. bekkur

Stærðfræði

Að nemendur geti tjáð sig munnlega s.s. sett fram tilgátu og spurningar sem hægt er að rannsaka og svara með því að nota stærðfræði þekkingu sína. Nemendur geti tjáð sig skriflega og notað ýmsar óhlutbundnar aðferðir til að tjá hvernig þeir vinna stærðfræðina. Nemendur geti lesið og skilið stærðfræðiverkefni eins og þau koma fyrir í orðadæmum og einföldum texta. Samþætting við upplýsingatækni.

Áhersla er lögð á tölur og talnaskilning frá 1 – 100. Auk þess unnið með einföld talnamynstur og talnarunur. Nemendur þjálfist í hugarreikningi og þrautalausnum tengdum daglegu lífi sem og finni fjölbreyttar leiðir við lausn samlagningar og frádráttardæmi. Nemendur þekki og geti unnið með plústáknið (+), mínustáknið (-), merkin jafnt og (=), minna en (<) og stærra en (>).

Vinnulag: Kennsla fer fram með innlögn kennara, umræðum og verkefnavinnu. Áhersla er lögð á fjölbreyttar vinnuaðferðir í einstaklings, para og hópvinnu. Mikil áhersla er lögð á að börnin rannsaki, leiki sér og ræði saman. Nemendur vinna með áþreifanlega hluti þegar þurfa þykir.

Námsefni: Sproti 1 a og 1b, nemenda og æfingabók. Viltu reyna ? Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur. Ýmis kennsluforrit og verkefni frá kennurum. Bækurnar Evolytes ásamt námsleik.

Námsmat: Leiðsagnarmat og símat. Kannanir eru lagðar fyrir þegar námsefni gefur tilefni til. Nemendur fá umsögn í metanlegum hæfniviðmiðum sem eru sýnileg í Mentor.

Kennarar: Birna Sif Kristinsdóttir og Halldóra M. Gunnarsdóttir

Tímaáætlun: 7 kennslustundir á viku og hver kennslustund er í 40 mínútur.

-  Framúrskarandi
-  Hæfni náð
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð

Námskrá 1. bekkur

Grunnþættir menntunar í 1. – 10. bekk

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	• hefur jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og trú á eigin getu, • nýtir stærðfræðikunnáttu við útreikninga við ýmislegt sem tengist heilbrigði og lífsstíl, • áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði.
Jafnrétti	• gerir sér grein fyrir mikilvægi eigin framlags í samvinnu, • ber virðingu fyrir hugmyndum og framlagi annarra, • virðir jafnrétti í margbreytileikanum.
Lýðræði og mannréttindi	• tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt við úrlausn verkefna, • tekur tillit til áhugamála, skoðana og aðferða annarra, • hefur umburðarlyndi að leiðarljósi, • getur rökrætt stærðfræðiaðferðir og viðfangsefni með því að beita gagnrýnni umræðu.
Læsi	• getur yfirfært þekkingu sína á stærðfræði á umhverfið og daglegt líf, • getur notað hugtök og tákni stærðfræðinnar, • notar upplýsingalæsi og stafrænt læsi, • er stærðfræðilæs, les úr stærðfræðitáknum, vinnur með hugtakaskilning og breytir úr ritmáli í táknmál stærðfræðinnar og öfugt.
Sjálfbærni	• getur notað stærðfræðina til að meta vistspor jarðar, • tengir stærðfræðina endurnýtingu og umhverfismennt, • tengir stærðfræðina við útgjöld í daglegu lífi, • gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa, • sýnir sjálfstæð vinnubrögð – getur fundið eða valið ólíkar leiðir við að leysa verkefni, • getur miðlað öðrum af eigin þekkingu.
Sköpun	• virkjar hugmyndaflugið og innsæið, sýnir frumkvæði við lausn viðfangsefna,

Námskrá 1. bekkur

- | | |
|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• nýtir stærðfræðina á skapandi hátt,• getur notið fegurðarinnar og undursins í stærðfræðinni,• leitar svara, tengir, rannsakar og veltir vöngum,• fer margar leiðir til að læra og þróa hugmyndir sínar,• nýtir umhverfið til sköpunar,• getur hugsað út fyrir rammann og fundið nýjar leiðir. |
|--|--|

Námskrá 1. bekkur

Stærðfræði við lok 1. bekkjar:			
Hæfniviðmið	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmarkmið Að nemandi geti;
<u>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</u> tekið þátt í samræðum um spurningar og svör í stærðfræði.	- Sproti 1A nemendabók - Sproti 1A æfingabók - Sproti 1B nemendabók - Sproti 1B æfingabók - Eining, nokkrar valdar blaðsíður - Viltu reyna - Valin verkefni og ljósrit.	- einfaldar stærðfræðiþrautir - stærðfræðileikir - rökræður og rökhugsun - nýta ýmis hjálpargögn /verkfæri - munleg fyrirmæli og sýnikennsla frá kennara. - vaxandi hugarfar og seigla í vinnubrögðum. - sjálfstæð vinnubrögð. - skýr innlögð verkefna. - fyrirmyndarverkefni (sýnishorn).	Talað saman um hugtök stærðfræðinnar í hópum. Umræður við kennara.
<u>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</u> túlkað og notað einföld stærðfræðitákni, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.	- Sproti 1A nemendabók - Sproti 1A æfingabók - Sproti 1B nemendabók - Sproti 1B æfingabók - Eining, nokkrar valdar blaðsíður - Viltu reyna - Valin verkefni	- búa til dæmi út frá myndum, - reikna einföld orðadæmi, - reikna einföld dæmi, - talnaleikir, talnaþrautir - nýta hjálpargögn /verkfæri.	Unnið með aðgerðarmerki stærðfræðinnar svo sem plús og mínus. Ýmsir stærðfræðileikir

Námskrá 1. bekkur

<u>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</u> • lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð, • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.	• Sproti 1A nemendabók • Sproti 1A æfingabók • Sproti 1B nemendabók • Sproti 1B æfingabók • Eining, nokkrar valdar blaðsíður • Viltu reyna • Valin verkefni	• búa til dæmi og reikna, • nýta hjálpargögn /verkfæri, • rökræður, • samvinna/hópavinna, • réttur stafdráttur á tölustöfum, • útikennsla.	
<u>Tölur og reikningur</u> • notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman. • Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	• Sproti 1A nemendabók • Sproti 1A æfingabók • Sproti 1B nemendabók • Sproti 1B æfingabók • Eining, nokkrar valdar blaðsíður • Viltu reyna • Valin verkefni	• skilja og tengja tölur við fjölda, • reiknað einföld stærðfræðidæmi, • leysa einfaldar stærðfræðisögur • nota ýmis hjálpargögn/verkfæri, • talnahús/sætisgildi, • útikennsla	
<u>Algebra</u> • kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.	• Sproti 1A nemendabók • Sproti 1A æfingabók • Sproti 1B nemendabók • Sproti 1B æfingabók • Eining, nokkrar valdar blaðsíður • Viltu reyna • Valin verkefni	• mynsturgerð, • óþekkt tala í einföldum samlagningardæmum fundin, • útikennsla, • þrautalausnir.	

Námskrá 1. bekkur

<u>Rúmfræði og mælingar</u> • notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu	• Sproti 1A nemendabók • Sproti 1A æfingabók • Sproti 1B nemendabók • Sproti 1B æfingabók • Eining • Viltu reyna • Valin verkefni	• þekkja einföld form, • mynsturgerð, • flokkun forma og mynda • skilji hugtök sem lýsa staðsetningu • útikennsla	
<u>Tölfræði og líkindi</u> • safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.	• Sproti 1A nemendabók • Sproti 1A æfingabók • Sproti 1B nemendabók • Sproti 1B æfingabók • Eining • Viltu reyna • Valin verkefni	• safna og flokka gögn í viðeigandi flokka, • nota talnastrik og búa til einföld súlurit út frá þeim, • lesa úr einföldum súluritum, • útikennsla.	